

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um nauðungarsölu.

Frá Ásthildi Lóu Þórsdóttur.

1. Hversu oft á ári hverju árin 2013–2023 fór nauðungarsala á fasteign fram á almennum markaði og hversu oft fór nauðungarsala á fasteign fram með uppboði á sama tímabili?
2. Hversu oft á ári hverju árin 2013–2023 neituðu sýslumenn beiðni gerðarþola nauðungarsölu um að fasteign yrði seld á almennum markaði?
3. Hversu oft voru fasteignir seldar á nauðungaruppboði fyrir lægra verð en sem nam fasteignamati á ári hverju árin 2013–2023?

Skriflegt svar óskast.